

Mál nr. 93/2026

Tilkynning til ákvörðunar um matskyldu

Uppsetning tveggja vindtúrbína á Sauðaneshálsi

Inngangur

Landvernd skilaði nýlega inn umsögn við [matsáætlun](#) vegna annars og stærra verkefnis á sama svæði, þar sem fyrirtækið WPD hefur áform um stórt vindorkuver við bæjarmörk Þórshafnar á Sauðaneshálsi og Brekkaheiði [sjá hér](#). Matsáætlun gerir ráð fyrir 74 vindtúrbínum í allt að 210 m hæð og áætluð stærð er 532,8 MW. Hér til umsagnar liggur 9,9 MW vindorkuvirkjun innan sama svæðis og verður tæpast litið fram hjá því að um sama verkefni er að ræða sem bútað er niður, líklega í þeim tilgangi að hægt verði að koma 9,9 MW virkjun framhjá rammaáætlun með stuðningi sveitarfélagsins. Landvernd áður séð vindorkufyrirtæki setja upp tvenns konar áætlanir innan sama svæðis.

Tilraunaverkefni

Í yfirskrift er verkefnið kynnt sem tilraunaverkefni. Landvernd gerir athugasemdir við slíkt vinnuheit en verkefni af þessari stærðargráðu getur ekki talist tilraun ef reisa á allt að 180 m háar vindorkutúrbínur með umhverfisáhrifum sem fylgja. Á Íslandi hafa áður verið reistar tvær 77 m háar vindtúrbínur Landsvirkjunar við Búrfell í tilraunaskyni og með undanþágu. Í dag er því svo farið að það eru reist sérstök rannsóknarmöstur til að kanna mögulega hagkvæmni vindorkusvæða, og það er gert í tilraunaskyni, ásamt því sem gerðar eru aðrar rannsóknir. Landvernd vonast til þess að Skipulagsstofnun hafni því að þetta verkefni fallist undir undir yfirskrift tilrauna enda kemur fram að markmiðið sé að reisa þessar risastóru vindmyllur með stöðugan rekstur í huga svo fremi að vindar blási. Landvernd telur að hér sé fyrirtækið líka að leggja grunn að hjáleidd með þrýstingi á að koma stóru áformunum í gang þ.e. Sauðaneshálsi og Brekkaheiði með 74 stk. vindtúrbínum. Hér er því ekki um tilraunaverkefni að ræða. Ef hér verða 180 m háar vindtúrbínur sem gætu að óbreyttu náð framleiðslu allt að 14 MW, fjórum MW hærra en skilyrði hafa verið sett um hvað varðar viðmið virkjana undir rammaáætlun. Áheit um að WPD muni skala niður framleiðsluna til að halda sig utan við viðmið um rammaáætlun er ekki trúverðug framsetning þegar fyrir liggur að fyrirtækið er með önnur og stærri áform innan sama svæðis.

Mat á umhverfisáhrifum

Ljóst er að heildstætt umhverfismat ætti alltaf að gilda um svona verkefni og alltaf undir öðrum formerkjum en „tilraunaverkefni“. Fyrir liggur að umhverfisáhrif út frá staðsetningu og umhverfi hefðu þessi tvö vindorkumöstur mikil neikvæð áhrif langt út fyrir nærumhverfið. Landvernd gerir athugasemdir við meðfylgjandi ásýndarmyndir sem sýna ekki vindorkutúrbínur í réttum hlutföllum í landslagi þar sem þær eru sýndar mun lægri miðað við sýnda fjarlægð á umhverfismyndum. Slíkt getur ekki talist fyrirtækinu til framdráttar.

Fyrirheit án innihalds

Það að þetta 9,9 MW svokallaða „tilraunaverkefni“ sé til þess fallið að auka framboð á raforku í Langanesbyggð segir ekkert um stöðu raforkumála á svæðinu. Það eitt að fyrirtækið geti ekki nefnt hvar eigi að leita jöfnunarorku gerir verkefnið að engu og því ólíklegt að orkan

nýtist til atvinnuskapandi verkefna, því það er erfitt nýta raforkuframleiðslu frá vindorku nema hún sé tryggilega studd með jöfnunarorku. Landvernd mælist til þess að Skipulagsstofnun fari fram á að öll vindorkufyrirtæki sýni fram á rekstarhæfni sína með samningum um jöfnunarorku sem er grundvöllur þess að slík verkefni geti orðið að veruleika. Það er að mati Landverndar óskiljanlegt að vindorkufyrirtæki fái að setja fram hvers kyns áætlanir án þess að geta sýnt fram á afhendingu á tryggri orku sem er grundvallarforsenda raforkuframleiðenda eins og fram kemur í raforkulögum. Landvernd óskar eftir því við Skipulagsstofnun að hún svari því í áliti sínu hvers vegna ekki eru settar fram kröfur um þetta.

Samfélögin á norðausturhorni landsins búa ekki við orkuskort heldur miklu fremur skort á úrbótum á flutningskerfi raforku sem nú stendur til bóta óháð því orkufyrirtæki sem hér er fjallað um. Óstöðug og ójöfnuð vindorkuframleiðsla mun hinsvegar valda meira álagi en nú þegar er til staðar á veikburða raforkukerfi svæðisins. Skipulagsstofnun mun vonandi kalla eftir staðreyndum upplýsingum og mati á hvernig vindorkufyrirtækið WPD, getur sýnt fram á afhendingu á tryggri orku og hvaða tengingar við almenna flutningskerfið verði til staðar sbr. samninga við Landsnet, Rarik eða aðra. Um raforkuframleiðslu á norðausturhorni landsins liggur fyrir að Þeistareykir búa yfir allt að 90 MW raforku á lausu eftir að PCC á Bakka hætti. Þessi umframorka er langt umfram eftirspurn á öllu svæðinu, en getur komið í góðar þarfir m.a. á Þórshöfn þegar flutningskerfi raforku hefur verið endurbætt.

Ásýnd, landslag og lífríki

Landvernd skilaði nýlega inn umsögn vegna stórra áforma á sama svæði og þar er farið yfir í stórum dráttum þau miklu neikvæðu áhrif sem vindorkutúrbínur munu hafa á þá órofa landslagsheild sem Langanes býr yfir, sú umsögn á einnig við hér. Tvær vindtúrbínur sem áætlanir eru um hafa allt yfir 40 km ásýndaráhrif og truflun þannig að fjöldi vindtúrbína sker ekki bara úr um afleiðingarnar þegar hver og ein þeirra er hærri en tveir samanlagðir Hallgrímskirkjuturnar. Ásýndaráhrif íbúa og ferðamanna verða mjög mikil þar sem vindtúrbínur verða fast við stofnveg yfir Brekknaheiði og munu sjást á stóru svæði þegar keyrt er m.a. sunnan að heiðinni. Í fyrri umsögn er farið yfir lífríki á svæðinu, fuglalíf, votlendi og vistgerðir sem og áform um friðlýsingar og merkt svæði á náttúruminjaskrá sem eru í grennd við áformuð vindorkuver.

Lokaorð

Í nýju frumvarpi til laga um breytingar á verndar- og orkunýtingaráætlun gagnvart vindorku koma fram tillögur um að vindorka undir 9,9 MW skuli ekki vera hærri en 100 m. Það segir sig því sjálft að þessi áform ganga ekki upp. Þar kemur einnig fram að ef vindorka verði á annað borð leyfð innan skipulagsmarka sveitarfélags þá skuli hún alltaf og aðeins vera á þegar röskuðum svæðum. Hvorki hið svokallaða tilraunaverkefni og né hið stærra, Sauðanesháls og Brekknaheiði eru á röskuðum svæðum heldur að langstærstu leyti á öröskuðum votlendi og lífríkum heiðarlendum. Landvernd leggst eindregið gegn þeim land- og umhverfiskandandi verkefnum sem WPD hefur sett fram um vindorkuáform á Langanesi og fer fram á að Skipulagsstofnun leggist gegn framgangi þessara verkefna, og lýsir stuðningi við þá andstöðu sem samfélagið á svæðinu og hagsmunaaðilar m.a. í ferðaþjónustu hafa líka sett fram.

Með vinsemd og virðingu.

Formaður Landverndar: Þorgerður María Þorbjarnardóttir